# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.**

Frá og með 1. janúar 1992 falla brott úr 1. gr. framangreindrar auglýsingar liðirnir:

| Tollskrárnr. | Vörutegund |
|---|---|
| 2709.0000 | Jarðolíur og olíur, fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar |
| 2710.0060 | Gasolíur |
| 2710.0070 | Brennsluolíur |

*Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1991.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*

Nr. 456 25. september 1991

# AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í októbermánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í októbermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,0 %
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,0 %

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. september 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 457 27. september 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir Rafveitu Akureyrar.**

**Almennir taxtar.**

A-1 Almenn notkun:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 5,29 | (6,59) |
| Fast gjald kr/ár | 2 104 | (2 620 ) |